

## 1103. stjórnarfundur VR

### Haldinn miðvikudaginn 13. nóvember í Kringlunni 7 á 0. hæð, kl. 17:30

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

Ásta Rut og Helga höfðu boðað forföll.

#### Dagskrá:

##### 1. Fundargerðir nr. 1101 og 1102 bornar upp til samþykktar

Engar athugasemdir höfðu borist um þessar fundargerðir og voru þær því samþykktar og undirritaðar.

##### 2. Staðan í kjarasamningaviðræðum

Ólafía Björk dreifði fimm skjölum til fundarmanna; „*Minnisblað – fundir vegna kjaramála í október og nóvember 2013*“ dags. 12.11 2013 sem var yfirlit yfir þá fundi sem haldnir hafa verið vegna kjarasamninga síðustu misserin. „*Áherslur gagnvart stjórnvöldum í tengslum við gerð kjarasamninga*“ sem er minnisblað frá ASÍ þar sem reifaðar eru breyttar áherslur í fjárlagafrumvarpi. „*Samanburður á mánaðarlegum skattalegum sparnaði milli tveggja leiða*“ og „*Skattþrep á Norðurlöndum*“ sem eru línurit þessa efnis. Loks skjalið „*Efnisatriði í samtali við stjórnvöld*“ sem er yfirlit yfir þau efnisatriði sem aðilar vinnumarkaðar, ASÍ og SA, telja mestu skipta í aðkomu ríkisstjórnar að kjarasamningavinnunni.

Ólafía Björk stiklaði á helstu atriðum í þessum framlögðu skjölum þar sem kom m.a. fram að fundur hafi verið haldinn þann 7.11 s.l. með forsætis- og fjármálaráðherra þar sem þeir hafi tekið vel í tillögur okkar og skynjaði hún vilja hjá þeim til að vinna að þjóðarsáttinni.

Vel heppnað LÍV-þing var haldið um síðustu helgi þar sem ályktanir voru gerðar í samræmi við kröfur okkar í samningaviðræðum. Stjórnarfundur nýrrar stjórnar var svo í dag.

Þann 12.11 var fundur með borgarstjóra þar sem tilkynnt var að hætt hafi verið við fyrirhugaðar gjaldskrárhækkanir sem við höfðum mótmælt harðlega. Þessu fögnum við auðvitað mikið.

Miðstjórn ASÍ fundaði svo í dag þar sem m.a. voru lögð fram gögn vegna hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar.

Fundur er í samninganefndinni á morgun 14.11 en óhætt er að segja að flestir aðilar að samningunum eru reiðubúnir til að vinna að þjóðarsáttinni. SA hefur þó hafnað kröfum Starfsgreinasambandsins og eru þær komnar inn á borð hjá ríkissáttasemjara.

Umræður.

### 3. 9 mánaða uppgjör 2013

Stefán lagði fram skjalið „*Rekstrarreikningur Jan-Sep 2013*“ og fór yfir helstu tölur. Í máli hans kom m.a. fram að tekjur fyrir tímabilið eru nokkuð yfir áætlun þar sem tekjur aukast um 246,5 mkr. en á móti er liðurinn bætur og styrkir nokkuð yfir áætlun, eykst um 103,3 mkr. sem skýrist af aukningu í greiðslu sjúkradagpeninga sem er nokkuð langt yfir því sem búist var við. Er þar einkum um að ræða aukningu í veikindum af völdum geðrænna kvilla. Fjölgun stöðugilda á skrifstofu skýrir hækkun á skrifstofu- og stjórnunarkostnaði sem hækkar um 42,6 mkr. Þótt við séum þar þó enn undir áætlun. Rekstur húsnæðis hækkar um 2,9 mkr. og fjármagnstekjuskattur eykst um 33 mkr. milli tímabila. Fjármagnsliðir alls eru 420 mkr. og hreinar tekjur til ráðstöfunar eru á tímabilinu 497 mkr.

Umræður.

### 4. Nýir trúnaðarmenn – listi lagður fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram til samþykktar eftirfarandi lista nýrra eða endurkjörinna trúnaðarmanna en listinn hafði áður verið kynntur á skjalasvæði stjórnar.

Nafn	Fyrirtæki	Nýr/endurkjörin
Ester Gunnarsdóttir	Fjarskipti / Vodafone	Nýr
Jóhanna Jóna Gunnlaugsdóttir	Prentmet ehf	endurkjörin
Trausti Sigurbjörnsson	Tal (IP- fjarskipti)	Nýr
Ingibjörg Hjartardóttir	Sjóvá	Nýr
Magnús Haukur Harðarson	NOVA	Nýr
Svanhildur Skúladóttir	NOVA	endurkjörin
Árni Svanur Guðbjörnsson	N1	endurkjörin
Aðalheiður Jónsdóttir	Ferðskrifstofa Íslands	Nýr
Kristjana Ósk Birgisdóttir	ASÍ	Nýr
Hreinn Ómar Smáráson	KSÍ	Nýr
Guðni Brynjar Sigfússon	Aðföng	Nýr
Anís Aref	Aðföng	endurkjörin
Jóna Matthildur Jónsdóttir	ISS	endurkjörin
Stefán Egilsson	Tengi	endurkjörin
Björg Gílsdóttir	Aðalskoðun hf	Nýr
Halldóra M. Steinarsdóttir	Norvík	Nýr
Ásta Magnea Sigmarsdóttir	Hreyfill svf	endurkjörin
Melissa Maria Muuguia	Melgar Miðbæjarhótel	Nýr
Ingveldur Gísladóttir	Hátækni	Nýr

Eggert Gíslason	Rekstrarfélag 10-11	Nýr
Helga Kristín Gunnarsdóttir	CCP	Nýr
Halldór Halldórsson	Bókhald og uppgjör	endurkjörin
Harpa Sævarsdóttir	Íshestar	endurkjörin
Eydís Hauksdóttir	Vátryggingafélag Ísl.	Nýr
Guðrún Þórisdóttir	Guðmundur Jón. ehf.	endurkjörin
Ingibjörg Einarsdóttir	Krabbameinsf. Ísl.	endurkjörin
Sigurður Júlíus Brynjarsson	Stilling	endurkjörin
Berglind S. Jónasdóttir	Inness ehf	Nýr
Kristín Jakobsdóttir	Inness ehf	Nýr

Samþykkt.

Undir þessum dagskrárlið beindi Ólafía Björk því til formanns laganefndar að laganefnd myndi í endurskoðun sinni á lögum félagsins skoða hvort breyta megi þeirri grein sem snýr að formlegri skipan trúnaðarmanna þannig að í ákveðnum tilvikum geti stjórn framselt skipunarvald til starfsmanna VR.

## 5. Skipa í Kjörstjórn

Ólafía Björk lagði fram skjalið „*Minnisblað – Tillaga formanns VR og ASÍ í kjörstjórn*“ dags. 12. 11 2013. Í skjalinu er stungið uppá eftirfarandi aðilum vegna tímabilsins 2013 – 2014:

### Aðalmenn:

Magnús Norðdahl, lögmaður ASÍ  
Guðmundur B. Ólafsson, lögmaður VR  
Jóna Soffía Baldursdóttir, forstöðumaður Vefþróunar hjá Símanum

### Varamenn:

Þorsteinn Þórólfsson, Húsmiðjan  
Þóra Skúladóttir Öfjörð, Vörubílastöðin Þróttur  
Hjördís Jónsdóttir, Samband íslenskra námsmanna

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp ofangreinda tillögu með þeirri breytingu að Guðmundur B. Ólafsson lögmaður fellur brott og að henni sé falið að finna einstakling í hans stað sem aðalman.

Var tillagan þannig samþykkt. Ragnar Þór sat hjá.

6.

**7. Laganefnd – hlutverk**

Rannveig fór yfir endurbættu útgáfu af af starfsreglum og hlutverki Laganefndar VR sem er nú svo hljóðandi:

*Starfsreglur og hlutverk  
Laganefndar VR*

*1. gr.*

*Laganefnd VR er stofnuð af stjórn VR í ágúst 2013, með það að markmiði að yfirfara og koma með tillögur til breytinga á lögum VR.*

*2. gr.*

*Nefndin skal sjá til þess að lög VR séu skýr og að röklegt samhengi sé milli lagagreina. Auk þess skal nefndin stilla upp tillögum sem verða mega til þess að bæta og skýra betur starfsemi VR.*

*3. gr.*

*Laganefnd VR skal skila tillögum að lagabreytingum til stjórnar eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund VR.*

*4. gr.*

*Laganefnd VR er skipuð árlega, ekki síðar en á öðrum stjórnarfundi eftir aðalfund og skal skipuð að lágmarki 3 stjórnarmönnum VR og ritari nefndarinnar er starfsmaður VR. Nefndin skal funda að lágmarki fjórum sinnum á ári.*

*Samþykkt 17. október 2013.*

Voru þá ofangreindar starfsreglur og hlutverk Laganefndar VR borin upp til samþykktar stjórnar.

Samþykkt.

Þegar hér var komið var gert 10 mínúta hlé á fundi.

#### 8. Starfslýsingar – formanns og framkvæmdastjóra

Birgir Már dreifði skjölunum „*Starfslýsing formanns VR*“ og „*Starfslýsing framkvæmdastjóra VR*“ og fór yfir innihald þeirra. Fram höfðu komið nokkrar athugasemdir um efnisinnihald, stafsetningar- og málfarsvillur og því væri það spurning hvort ætti að fresta þessum lið og vinna meira með skjölin.

Stefán fékk þá næst orðið og fór yfir sína sýn á málið. Kom fram hjá honum að formaður ber ábyrgð á heildarrekstri en framkvæmdastjóri á daglegum rekstri.

Umræður.

Ákveðið var að vísa málinu aftur til Launaneftdar VR sem skoði allar framkomnar ábendingar.

#### 9. Starf hagfræðings eða sambærilegs starfsmanns á skrifstofu VR

Fríður Birna dreifði skjalinu „*Tillaga*“ dags. 13.11 2013 og fór yfir innihald þess í stórum dráttum. Leggur hún til að framkvæmdastjóra sé falið að ráða greinanda (analyst) til starfa á skrifstofu VR til að vinna með margskonar tölulegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru í störfum okkar sem stéttarfélags.

Umræður.

Ólafía Björk lagði til að tillaga Fríðar Birnu verði útfærð betur og að framkvæmdastjóri VR skoði málið.

Samþykkt.

Ekki fleira gert og var fundi slitið kl. 21:30

Árni Leósson, fundarritari